Félag sjúkraþjálfara



| | Tilefni fundar | | Síða |
|---|---|---|---|
| FUNDARGERÐ | Stjórnarfundur FS | | |
| Dags. Fundar<br>16.1.24 | Tími<br>15:00 – 17:00 | Staður<br>Borgartún/Teams | Nr. fundar<br>7 |
| Fundarboðandi<br>Gunnlaugur Briem | Fundarritari<br>Þóra Björg Sigurþórsdóttir | | Dags.<br>16.1.2024 |
| Fundarmenn:<br>Guðný Björg Björnsdóttir, Gunnlaugur Már Briem, Fríða Brá Pálsdóttir, Kári Árnason (á TEAMS), Þóra Björg Sigurþórsdóttir. | | | |
| Afrit<br>Varamenn stjórnar | | | |

| Atriði nr. | Lýsing | Ábyrgð | Dags. |
|---|---|---|---|
| | 1. Fundargerð síðasta fundar<br>2. Húseign B6 og félagsfundur FS vegna mögulegrar sölu<br>3. Samþykkt starfsreglna vegna aðildar FS<br>4. VIRK<br>5. Skýrsla um mönnunaþörf sjúkraþjálfara<br>6. Ítrekun send vegna : Óskar um vinnuhóp hjá ráðuneytinu við að marka hvernig æskilegast sé að meta árangur af endurhæfingarþjónustu<br>7. Dagur Sjúkraþjálfunar 2024 (Africa – Landry)<br>8. Aðalfundur FS - Formannskjör FS<br>9. Upplýsingar um kjaramál – 7.gr.<br>10. Erlend samskipti<br>11. Önnur mál | | |
| 1. | **Fundargerð síðasta fundar**<br>Fundargerðir nóvember og desember samþykktar | | |
| 2. | **Húseign B6 og félagsfundur FS vegna mögulegrar sölu á Borgartúni 6**<br>Boðað verður til félagsfundar 22. janúar 2024 kl. 12:05 sbr. ákvörðun stjórnar. Efni félagsfundar er að stjórn leggur til við félagsfund að stjórn fái heimild félagsfundar til að setja á sölu eignarhlut Félags sjúkraþjálfara í Húsfélagi BHM sf. með það að markmiði að hámarka verðmæti þess eignarhluta.<br><br>Stjórn er þeirrar skoðunar að ekki eigi að binda allt okkar eigið fé í Borgartúni 6. | GMB | |
| 3. | **Samþykkt starfsreglna vegna aðildar FS**<br>Stjórn samþykkir starfsreglur Félags sjúkraþjálfara er varðar félagsaðild sem búið er að vinna að frá haustmánuðum 2023. | | |
| 4. | **VIRK**<br>Formaður fundaði öðru sinni með forsvarsmönnum VIRK. Rætt var um næstu skref í verkefni um að efla samskipti við sjúkraþjálfara og virði sjúkraþjálfara sem lykilaðila í starfsendurhæfingu. | GMB | |

| Atriði nr. | Lýsing | Ábyrgð | Dags. |
|---|---|---|---|
| | Áframhaldandi verkefni og samtal. | | |
| 5. | **Skýrsla um mönnunarþörf sjúkraþjálfara**<br>KÁ og GMB eru að vinna að skýrslu um mönnunarþörf. | KÁ / GMB | |
| 6. | **Ítrekun send vegna: Óskar um vinnuhóp hjá ráðuneytingu við að marka hvernig æskilegast sé að meta árangur af endurhæfingarþjónustu**<br>Stjórn sendir ítrekun á heilbrigðisráðuneytið varðandi ósk hennar um að settur sé saman vinnuhópur hjá ráðuneytingu við að marka hvernig æskilegast sé að meta árangur af endurhæfingarþjónustu. | | |
| 7. | **Dagur Sjúkraþjálfunar 2024**<br>Fréttir frá framkvæmdarnefnd. Verið að vinna í að fullmóta dagskrá. | GMB/GBB | |
| 8. | **Aðalfundur FS – Formannskjör FS**<br>Stjórn hefur borist annað framboð til formanns Félags sjúkraþjálfara. Vinna er hafin við skipun kjörstjórnar. | FBP/GBB/ KÁ/ÞBS | |
| 9. | **Upplýsingar um kjaramál – 7.gr.**<br>Niðurstaða hefur náðst í fyrsta skrefi 7. greinar varðandi jöfnun launa vegna breytinga á lífeyrisréttindum.<br>Undirbúningur stendur yfir vegna undirbúningsvinnu miðlægra kjarasamninga meðal launþega. Samningar renna út 31. mars nk. Samninganefnd sjálfstætt starfandi heldur áfram sinni vinnu við að vinna að samningum. | GMB | |
| 10. | **Erlend samskipti:**<br>Formaður var með erindi á Primary Care.<br>Serbía var samþykkt sem aðili að heimssambandinu.<br>Hugmyndir um framsetningu skýrslunnar *Bætt aðgengi - betri horfur* til kollega okkar erlendis. | GMB | |
| 11. | **Önnur mál:** | | |